

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN ALMANNAVARNA

Akurskóli



Almannavarnadeild
ríkislögreglustjórans

Sóttvarnalæknir

Menntamálaráðuneyti

Efnisyfirlit

1.	<i>Inngangur að viðbragðsáætlun</i>	3
2.	<i>Markmið viðbragðsáætlunar</i>	4
3.	<i>Háskastig almannavarna</i>	5
4.	<i>Virkjun viðbragðsáætlana skóla</i>	8
5.	<i>Stjórnun og lykilstarfsmenn skólans</i>	9
6.	<i>Starfssvæði skólans og umfang</i>	10
7.	<i>Áhættumat vegna inflúensufaraldurs</i>	11
8.	<i>Viðbragðsáætlun – Akurskóla- við heimsfaraldri inflúensu</i>	12
9.	<i>Samskiptaleiðir</i>	14
10.	<i>Kort og teikningar</i>	15
11.	<i>Dreifingarlisti</i>	16
12.	<i>Breytingasaga</i>	17

1. Inngangur að viðbragðsáætlun

Viðbragðsáætlun þessi segir fyrir um skipulag og stjórn aðgerða í Akurskóla í samræmi við áætlun Almannaþingis um viðbrögð við heimsútbreiðslu inflúensu.

Markmið viðbragðsáætlana skóla eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra skólastofnana sem og starfsmanna þeirra þegar til inflúensufaraldurs kemur.

Við gerð áætlunarinnar er meðal annars stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997.

[Áætlunin er í samræmi við Landsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu.](#)

Ábyrgð á áætlun þessari er í höndum Sigurbjargar Róbertsdóttur skólastjóra Akurskóla. Áætlunin verður endurskoðuð á a.m.k. fimm ára fresti, en yfirfarin árlega t.d. hvað varðar boðleiðir, gátlista og starfssvæði skóla. Ef miklar breytingar verða á starfsemi skólans verður áætlunin þegar í stað endurskoðuð.

Áætlunin verður kynnt fyrir starfsmönnum skólans, nemendum og forráðamönnum ólögráða nemenda. Hún er aðgengileg á heimasíðu skólans, www.akurskoli.is

Áætlun þessi tekur þegar gildi.

September 2024



Sigurbjörg Róbertsdóttir

skólastjóri Akurskóla

2. Markmið viðbragðsáætlunar

[Viðbragðsáætlanir skulu vera í samræmi við viðbragðsáætlun almanna- og heimsfaraldurs – Landsáætlun.](#)

Markmið viðbragðsáætlunar hvers skóla

Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs inflúensu miðar að því að lágmarka áhrif inflúensufaraldurs og afleiðingar hans innan skólans með því að:

- Skilgreina mikilvæga verkþætti menntastofnunar og lykilstarfsmenn og staðgengla.
- Draga úr útbreiðslu faraldurs á vinnustaðnum og lágmarka smithættu.
- Styrkja nauðsynlega starfsemi og treysta innviði skólans.
- Upplýsa starfsmenn, nemendur og foreldra.
- Veita nauðsynlega fræðslu.
- Eiga til samræmdar áætlanir vegna hugsanlegs samkomubanns og þar með lokunar skóla.

Skammstafanir og orðskýringar

ECDC	Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins
SST	Samhæfingarstöðin, Skógarhlíð
WHO	Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin

3. Háskastig almannavarna

Almannavarnastig

Viðbragðsáætlunum almannavarna er skipt í þrjú stig sem skilgreina alvarleika þess ástands sem steðjar að. Háskastigin eru: Óvissustig, hættustig og neyðarstig.

Óvissustig – greining og undirbúningur

Skilgreining

Nýr faraldur hefur greinst í mönnum og ástæða þykir til aukinnar árvekni og ítarlegs áhættumats. Sýking hefur ekki greinst hér á landi. Faraldur er að mestu afstaðinn. Engin ný smit hafa greinst hér á landi um tíma en sýking enn til staðar erlendis.

Ráðstafanir – faraldur á uppleið

- Aukið samráð/samstarf við mikilvæg innlend samtök og stofnanir.
- Aukið samráð/samstarf við mikilvæg erlend samtök og stofnanir, WHO, ECDC, EMA og eftir atvikum við aðrar stofnanir.
- Aukin vöktun og farsóttagreining.
- Athugun á birgðastöðu matar, lyfja og annarrar nauðsynjavöru.
- Athugun á boðleiðum.
- AST fari yfir áætlanir, verkferla, tengiliði og gátlista.
- Farið yfir verkferla.
- Endurskoðun á fræðsluefni.
- Fræðsluefni miðlað markvisst á vef embættis landlæknis.
- Samráð/samstarf milli innlendra stofnana, samtaka, fyrirtækja og félaga aukið eftir þörfum.
- Æfingar, svo sem almannavarnaæfing og minni æfingar innan stofnana og meðal aðila sem hafa sameiginleg verkefni.
- Virkjun SST að hluta ef þess er talin þörf.

Ráðstafanir – faraldur í rénun

- Áframhaldandi vöktun, greining og sýnatökur eftir þörfum.
- Smitrakning, sóttkví og einangrun beitt eftir þörfum.
- Rýni og lærdómur á aðgerðum á hættu- og neyðarstigi.

Hættustig

Skilgreining

Umtalsverðar hópsýkingar brjótast út hjá mönnum en þær eru enn staðbundnar. Veiran aðlagast mönnum í vaxandi mæli og umtalsverð hætta er á heimsfaraldri. Sýking kann að hafa verið staðfest hér á landi en lýsa má hættustigi þó sýking hafi ekki borist til landsins. Faraldur er í rénun, færri tilfelli greinast en sýking er enn til staðar í samfélaginu. Enn er hætta á að faraldur taki sig upp aftur.

Ráðstafanir – faraldur á uppleið

- Vöktun farsóttar og farsóttagreining efl.
- Áhættumat í stöðugri endurskoðun.

- Aukið samráð/samstarf við mikilvæg innlend samtök og stofnanir.
- Aukið samráð/samstarf við mikilvæg erlend samtök og stofnanir, WHO, ECDC, EMA og eftir atvikum við aðrar stofnanir.
- Endurskoða, útbúa og dreifa fræðsluefni til almennings og fagaðila í samræmi við áhættumat.
- Fræðsluefni miðlað markvisst á vef embættis landlæknis.
- Til greina kemur að beita takmörkunum á ferðafrelsi um hafnir og flugvelli.
- Setja þá sem eru með/gætu verið með sýkingu af völdum veirunnar í einangrun. Heimasóttkví/afkvíun hugsanlega beitt vegna þeirra sem eru einkennalausir en gætu hafa smitast af veirunni.
- Til greina kemur að skip verði sett í sóttkví.
- Virkjun SST.
- Takmörkuð virkjun AST í umdæmum, reglulegir stöðufundir.

Ráðstafanir – faraldur í rénun

- Áframhaldandi vöktun, greining og sýnatökur.
- Smitrakning, sóttkví og einangrun beitt eftir þörfum.
- Rýni og lærdómur á aðgerðum á neyðarstigi.

Neyðarstig

Skilgreining

Heimsfaraldri hefur verið lýst yfir eða hópsýking er að breiðast út innanlands. Vaxandi og viðvarandi útbreiðsla smits meðal manna.

Ráðstafanir – faraldur á uppleið

- Áhættumat í stöðugri endurskoðun.
- Aukið samráð/samstarf við mikilvæg innlend samtök og stofnanir.
- Aukið samráð/samstarf við mikilvæg erlend samtök og stofnanir, WHO, ECDC, EMA og eftir atvikum við aðrar stofnanir.
- Efla vöktun og farsóttagreiningu.
- Dreifing fræðsluefnis til almennings og fagaðila. Markviss skráning fræðsluefnis á vef embættis landlæknis.
- Opinberum sóttvarnaráðstöfunum er beitt eins og takmörkunum á ferðafrelsi og samkomubanni í samræmi við áhættumat.
- Heimasóttkví getur verið beitt og til greina kemur að setja skip í sóttkví. Útgáfa 3.1 – 25.05.2020 Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs bls. 11 af 107
- Full virkjun SST.
- Eftir atvikum full eða takmörkuð virkjun AST í umdæmum.

Ráðstafanir – faraldur í rénun

- Byrjað að aflétta hluta af opinberum sóttvarnaráðstöfunum.
- Meta hvort ástæða sé til þess að lækka almannavarnastig.
- Áframhaldandi vöktun, greining og sýnatökur.
- Smitrakning, sóttkví og einangrun beitt eftir þörfum.

Opinberar sóttvarnaráðstafanir

Samkomubann

Í samkomubanni, samkvæmt 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, felst að fjöldasamkomur eru óheimilar svo sem fundarhöld, skólastarf, skemmtanir á borð við dansleiki, leiksýningar og kirkjuathafnir, til dæmis guðspjónustur. Samkomubann er sett á samkvæmt nánari fyrirmælum.

Sóttvarnalæknir ber ábyrgð á sóttvörnum og mælir fyrir um sóttvarnaráðstafanir undir yfirstjórn ráðherra. Samkvæmt 12. grein sóttvarnalaga getur ráðherra, að fenginni tillögu sóttvarnalæknis, fyrirskipað skimun á landamærastöðvum, úrskurðað fólk í sóttkví/afkvíun þar á meðal heimasóttkví/heimaafkvíun, fyrirskipað samkomubann, afkvíun landsins í heild og innanlands í sóttvarnasvæði. Sóttvarnalæknir getur beitt slíkum vörnum til bráðabirgða án þess að leita heimildar fyrirfram en skal gera ráðherra jafnskjótt kunnar sínar ráðstafanir. Umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna og sóttvarnalæknir skulu hafa samstarf um framkvæmd nauðsynlegra sóttvarna og njóta aðstoðar lögreglufirvalda ef þarf. Sóttvarnaráðstafanir geta verið þess eðlis að ólíklegt sé að til þeirra verði gripið án samráðs ráðherra í ríkisstjórn vegna þess að þær varða allt svið samfélagsins.

Þær eru:

- Fyrirmæli um samkomubann, lokun skóla og annarra samkomustaða.
- Fækkun landamærastöðva þar sem sett verður upp sóttvarnaskimun.
- Afkvíun alls landsins með lokun landamæra.
- Afkvíun landshluta með lokun milli sóttvarnaumdæma. • Ákvörðun um að aflétta ofangreindum ráðstöfunum.

Takmarkanir á ferðafrelsi

Ráðherra er heimilt, að fenginni tillögu sóttvarnalæknis, að takmarka ferðafrelsi manna með því að grípa til afkvíunar byggðarlaga og landsins alls og einangrunar sýktra manna (sbr. 12. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997). Sóttvarnalæknir gefur fyrirmæli um nánari tilhögun takmarkana á ferðafrelsi. Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra sér um framkvæmd þessara ráðstafana í samvinnu við dómsmálaráðuneyti og lögreglustjóra. Sjá einnig gátlista Samgöngustofu.

4. Virkjun viðbragðsáætla skóla

Sóttvarnalæknir tilkynnir breytingar á háskastigi (sjá nánar um stig í kafla 3).

8.35 Mennta- og menningarmálaráðuneytið – skólahald

ÓVISSUSTIG

- Allir fræðsluaðilar geri viðbragðsáætlun sem tekur mið af aðstæðum fræðsluaðila. Skólastjóri eða forstöðumaður er ábyrgur fyrir áætluninni en getur falið öðru starfsfólki gerð hennar.
- Yfirfara allar boðleiðir og gera áætlun um hvernig nýta megi sem best upplýsingamiðlun fræðsluaðila svo sem símasvörun, tölvupóst, nettengd kennslukerfi, vefsíðu og samskiptamiðla.
- Stjórnendur fái heilbrigðismenntaðan starfsmann til að vinna með fræðsluaðila að undirbúningi.
- Kortleggja tengsl fræðsluaðila við aðrar almannavarnaráætlanir í sveitarfélaginu og tryggja samræmi þar á milli.

HÆTTUSTIG

- Gera birgðaáætlun um sóttvarnabúnað fræðsluaðila (grímur, hanskar o.fl.) og tryggja nægar birgðir.
- Gera verklagsreglur um ræstingar með tilliti til sóttvarna.
- Gera verklagsreglur um viðbrögð við veikindum nemenda og starfsfólks í samræmi við tilmæli heilbrigðisyfirvalda og almannavarna.
- Gera áætlun um öryggi fasteigna og búnaðar, komi til lokunar.
- Skrá sérstaklega fjarvistir nemenda og starfsmanna vegna viðkomandi veikinda.
- Hugað verði að því að nemendum í brotthvarfshættu bjóðist stuðningur námsráðgjafa þar sem því verður við komið.

NEYÐARSTIG

- Skólar munu halda uppi starfsemi eins lengi og unnt er.
- Markmið er að starfsmenn skóla haldi áfram störfum þó nemendur eða starfsfólk sé sent heim vegna sóttvarnaráðstafana.
- Skipuleggja hlutverk kennara í fjarkennslu og heimanámi.
- Skrá sérstaklega fjarvistir nemenda og starfsmanna vegna viðkomandi veikinda.
- Hugað verði að því að nemendum í brotthvarfshættu bjóðist stuðningur námsráðgjafa þar sem því verður við komið.

5. Stjórnun og lykilstarfsmenn skólans

Verkefni skóla:

Skólastjóri, Sigurbjörg Róbertsdóttir, er samkvæmt lögum forstöðumaður skólans. Hann ber ábyrgð á starfi skólans, stjórnar honum og veitir honum faglega forystu. Þormóður Logi Björnsson, aðstoðarskólastjóri er staðgengill hennar. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri stýra skólalahaldi, sinna daglegum rekstri, starfsmannahaldi og samskiptum við foreldra og aðila utan hans.

Við Akurskóla starfa fjórir deildarstjórar Arnar Smárason, Elín Njálisdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir, Katrín Jóna Ólafsdóttir.

Í Akurskóla eru tveir verkefnastjórar:

Verkefnastjóri tölvumála Freyr Brynjarsson

Verkefnastjóri íslensku sem annað mál Anna Guðmundsdóttir

Umsjónarmaður skólabyggingar, Garðar Einarsson, hefur yfirumsjón með skólabyggingunni, ásamt lausum kennslustofum. Hann hefur með höndum daglegt eftirlit með þessum mannvirkjum, sem og tækjum og tæknibúnaði skólans. Þá er umsjónarmaður einnig í öryggisnefnd skólans.

Skrifstofustjóri skólans, Ragnheiður Ásgeirsdóttir, sér um skrifstofu skólans, vinnur ritarastörf og ýmis önnur störf er stjórnendur fela honum. Hann er tengiliður skólans við foreldra, tekur á móti tilkynningum og veitir móttöku skilaboðum fyrir hönd skólans og kemur áleiðis til viðkomandi aðila. Þá sér hann um símvörslu skólans.

Skólaráð er starfandi við skólann og er Sigurbjörg Róbertsdóttir, skólastjóri, formaður þess.

Áfallaráð skólans er skipað eftirtöldum aðilum: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar, sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur. Auk þeirra mun sóknarprestur vera ráðinu innan handar. Skólastjóri eða staðgengill hans kallar saman áfallaráð og stýrir vinnu þess.

Nemendaráðgjafi skólans er Ragnhildur Birna Hauksdóttir.

Menntaráð Reykjanesbæjar: Sverrir Bergmann, formaður

Fræðslustjóri Reykjanesbæjar: Helgi Arnarson.

6. Starfssvæði skólans og umfang

Verkefni skóla.

Grunnskóli fyrir nemendur í 1. – 10. bekk.

Húsnæði:

Akurskóli er við Tjarnarbraut 5 í Innri-Njarðvík í Reykjanesbæ.

Aðalinngangurinn er að vestanverðu fyrir miðju skólans. Þaðan er gengið inn í miðrymi skólans og skrifstofur, sem eru á annarri hæð.

Inngangur er einnig frá Skólabraut og er hann fyrst og fremst ætlaður nemendum í 1. – 5. bekk.

Norðuringangur er fyrst og fremst ætlaður nemendum í 7. – 10. bekk.

Þrjár kennslustofur eru við norðanverðan skólann fyrir nemendur í 6. bekk.

Bílastæði skólans eru að norðanverðu.

Umfang: Heildarstarfsmannafjöldi skólans er um 75 og nemendur alls 330

7. Áhættumat vegna inflúensufaraldurs

Líkur á að hingað berist alvarlegur smitsjúkdómur eru töluverðar enda eru ferðalög til og frá Íslandi tíð. Fyrirfram er ekki hægt að fullyrða neitt um hversu skæður slíkur faraldur verður. Áhættumatið mótast meðal annars af alvarleika veikindanna, hversu móttækilegt fólk í samfélaginu er fyrir sýkingunni, getu sýkilsins til að smita og hverjir áhættuhóparnir eru. Hægt er að draga úr alvarlegum veikindum með notkun lyfja og bóluefnis, ef það er aðgengilegt.

Áhættumat fyrir Ísland

Viðbragðsáætlanir hér á landi miða að því að tefja útbreiðslu faraldurs og draga úr alvarlegum afleiðingum hans en óvíst er hvort alveg verði hægt að koma í veg fyrir útbreiðslu nýs smitsjúkdóms hér á landi. Eiginleikar smitefnisins eins og smitstuðull (R0), hvort einkennalausir eru smitandi og hversu lengi einstaklingar eru smitandi hafa meðal annars áhrif á útbreiðslu sýkingarinnar. Alvarleiki sýkingarinnar, dánarhlutfall, aðgengi að veirulyfjum og bóluefni hafa einnig áhrif á áhættumat. Áætlað er að samhæfðar viðbragðsáætlanir hér á landi fækki sjúkdómstílfellum og dragi úr alvarlegum afleiðingum faraldursins. Gera þarf ráð fyrir að atvinnulífið hér á landi geti lamast í tiltekinn tíma eða frá tveimur vikum og upp í þrjá mánuði, en með gerð viðbragðsáætlunar er reynt að lágmarka þann skaða sem sjúkdómurinn veldur hverju sinni. Þrátt fyrir að öllum tiltækum ráðstöfunum verði beitt má alltaf búast við ófyrirséðum afleiðingum. Reikna má með að fjárhagsleg afkoma heimila rýrni tímabundið, verðmæti glatist, dragi úr komu ferðamanna, sjávarfang minnki vegna skorts á vinnuafli og þjóðartekjur minnki í einhvern tíma. Almennt gerir þessi áætlun vegna heimsfaraldurs ráð fyrir að 25–50% þjóðarinnar sýkist þrátt fyrir sértækar sóttvarnaráðstafanir og að atvinnulíf lamist að hluta í tvær vikur til þrjá mánuði.

Í heimsfaraldri gerir sóttvarnalæknir áhættumat og endurtekur það svo oft sem þurfa þykir.

Áhættumatið er byggt á gögnum frá ECDC, WHO og gangi faraldurs hér á landi.

Áhættumatið er birt í upphafi hvers stöðufundar með viðbragðsaðilum og farið yfir mögulegar mótvægisáðgerðir.

Endurtekið áhættumat er birt í hverri stöðuskýrslu.

8. Viðbragðsáætlun – Akurskóla- við heimsfaraldri influensu

Hver annast verkefnisstjórn við gerð, uppfærslu og virkjun viðbragðsáætlunar:

Verkefnisstjórn vegna viðbragðsáætlunar er í höndum skólastjórnenda. Skólastjóri ber ábyrgð á gerð hennar, uppfærslu og virkjun. Staðgenglar skólastjóra og/eða trúnaðarmenn í skólanum bera ábyrgð á virkjun áætlunarinnar í forföllum skólastjóra, í nánu samstarfi við skólahjúkrunarfræðing og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Upplýsingar til starfsmanna, nemenda og aðstandenda þeirra um influensuna:

Skólastjórnendur upplýsa starfsmenn skólans um influensuna og útbreiðsluleiðir og hvernig draga megi úr smitleiðum, á starfsmannafundum og með tölvupósti. Foreldrar og nemendur fá upplýsingar frá stjórnendum og skólahjúkrunarfræðingi á heimasíðu skólans og með fjölpósti gegnum Mentor. Fjölskyldur sem ekki hafa aðgang að tölvu, frá dreifibréf með upplýsingum. Grunnupplýsingar er að finna á www.almannavarnir.is. Kennarar og starfsmenn eru hvattir til að ræða við nemendur, t.d. í lífsleiknitímum um hvað flensan er, hvernig hún lýsir sér og hvernig megi draga úr smitleiðum. Mikilvægt er að upplýsingar miði að því að eyða óþarfa ótta og að tekist sé á við hugsanlega vá af festu, yfirvegum og þekkingu.

Skipulag ræstingar.

Skólastjóri fer yfir verkferla í ræstingu með umsjónarmanni skólans, svo og verktaka. Samráð verður haft við skólahjúkrunarfræðing/HSS og munu þessir aðilar sjá um útvegum hlífðarbúnaðar.

Veikindi nemenda í skólanum:

Foreldrar eru hvattir til að halda börnum sínum heima, veikist þau, eins og tilmæli sóttvarnarlæknis gefa til kynna. Veikist nemandi í skólanum og þarf að komast heim, verður foreldrum gert að sækja hann. Umsjónarkennarar og skólaritari sjá um að hringt sé heim til aðstandenda í slíkum tilfellum.

Veikindi skólastjórnenda:

Veikist skólastjóri, tekur aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar, verkefnastjórar eða trúnaðarmenn við stjórn.

Komi til lokunar skóla.

Skólastjóri og/eða aðstoðarskólastjóri auglýsa lokun skólans og gerist það á eftirfarandi hátt:

Á heimasíðu skólans.

Á heimasíðu Reykjanesbæjar.

Menntasvið Reykjanesbæjar látið vita.

Skrifstofa strætó látin vita.

Allir starfsmenn skólans látnir vita.

Tölvupóstur sendur til allra aðstandenda nemenda í Mentor og hringt í þá sem ekki eru með netföng og þá sem tölvupóstur skilar sér ekki til.

Auglýsingar settar á alla innganga skólans.

Nemendur, með annað tungumál en íslensku og aðstandendur þeirra, fá sérstakar leiðbeiningar.

Túlkar fengnir til að aðstoða við að koma á framfæri upplýsingum á tungumáli viðkomandi.

Skólastarf í lokun.

Verði mögulegt að halda úti skólastarfi með þeim nemendum sem ekki hafa veikst, sem og því starfsfólki sem ekki hefur veikst, verður það gert t.d. með því að sameina í bekk/námshópa. Reynt verður eftir fremsta megni að halda skipulagi samkvæmt stundaskrá. Þeim nemendum sem eru heima vegna veikinda verða sendar námsáætlanir í gegnum Mentor. Þeir sem ekki eru með aðgang að tölvum, fá upplýsingar um heimanám í gegnum síma. Skólastjóri og kennarar hafa samráð um slíkar áætlanir.

Umsýsla fasteigna og öryggismála meðan á lokun stendur.

Skólastjóri/staðgengill/umsjónarmaður húss fara á hverjum degi yfir skólahúsnæðið meðan á lokun stendur.

Skólastarf hefst á ný.

Skólastjórnendur kanna í samráði við kennara, hvort breyta þurfi kennsluáætlunum. Áfallaráð skólans verður virkjað og verður metið hvort starfa þurfi eftir áfallaáætlun. Ákvarðanir skólans eftir faraldur verða kynntar á heimasíðu skólans og með fréttabréfi á hvert heimili. Mikilvægar upplýsingar verða sendar í gegnum Mentor og hringt í þá sem hafa ekki virk netföng.

9. Samskiptaleiðir

Lykilaðilar er varðar boðun og afboðun

Skólastjórn Akurskóla:

Sigurbjörg Róbertsdóttir, skólastjóri, 4204550, 4204555, 8493822,
sigurbjorg.robardsdottir@akurskoli.is

Pormóður Logi Björnsson, aðstoðarskólastjóri, 4204550, 4204552, 8225465,
thormodur.l.bjornsson@akurskoli.is

Arnar Smáráson, deildarstjóri, 4204550, 4204556
arnar.smarason@akurskoli.is

Elín Njálisdóttir, deildarstjóri, 4204550, 4204557
elin.njalsdottir@akurskoli.is

Guðrún Gunnarsdóttir, deildarstjóri, 4204550, 4204553,
gudrun.gunnarsdottir@akurskoli.is

Katrín Jóna Ólafsdóttir, deildarstjóri, 4204550, 4204554
katrin.j.olafsdottir@akurskoli.is

Umsjónarmaður húss:

Garðar Einarsson, 4204550, 4204574, 8564550, gardar.einarsson@akurskoli.is

Skrifstofustjóri:

Ragnheiður Ásgeirsdóttir, 4204550, 6965665, ragnheidur.asgeirsdottir@akurskoli.is

Trúnaðarmaður kennara:

Tea María Guljas, tea.m.guljas@akurskoli.is

Trúnaðarmenn annarra starfsmanna:

Ragnheiður Ásgeirsdóttir, ragnheidur.asgeirsdottir@akurskoli.is

Ósk Benediktsdóttir, osk.benediktsdottir@akurskoli.is

Áfallateymi: Sigurbjörg Róbertsdóttir skólastjóri.

Nemendaráðgjafi: Ragnhildur Birna Hauksdóttir, ragnhildur.b.hauksdottir@akurskoli.is

Skólahjúkrunarfræðingur: Guðfinna Eðvarðsdóttir gudfinna.edwardsdottir@hss.is


og Anna Stefánsdóttir, anna.stefansdottir@hss.is

Fræðslustjóri: Helgi Arnarson, helgi.arnarson@reykjanesbaer.is

10. Kort og teikningar

Sóttvarnasvæðin

Íslandi er skipt í sjö sóttvarnaumdæmi samkvæmt reglugerð nr. 387/2015. Ráðherra tilnefnir yfirlækna heilsugæslustöðva samkvæmt tillögu sóttvarnalæknis sem skulu vera ábyrgir fyrir sóttvörnum í sínu sóttvarnaumdæmi undir stjórn sóttvarnalæknis og nefnast þeir umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna. Einungis einn yfirlæknir er tilnefndur umdæmislæknir sóttvarna og ber hann ábyrgð á framkvæmd sóttvarna í umdæminu í samvinnu við lögreglustjóra umdæmisins. Heilbrigðisráðherra er heimilt samkvæmt sömu reglugerð að tilnefna fleiri en einn yfirlækni í hverju sóttvarnaumdæmi. Þetta er gert til að samræmi náist við lögregluumdæmi landsins sem eru níu talsins. Umdæmis- og svæðislæknar sóttvarna njóta aðstoðar lögreglufirvalda við framkvæmd sóttvarna.



11. Dreifingarlisti

Eintakið er vistað rafrænt á eftirtöldum vefsíðum: www.akurskoli.is

Auk þess eru rafræn og prentuð eintök vistuð á eftirtöldum stöðum:

Eintök	
Skrifstofa skólastjóra	1 stk.
Á innri vef	1 stk

12. Breytingasaga

Útgáfa	Dagsetning	Skýringar / breytingar	Fært inn af:
	10/08/2009	Sniðmát menntamálaráðuneytis sent skólanum	
1.0	27/10/2014	Viðbragðsáætlun skóla birt	Sig. Róbertsd
2.0	11/09/2019	Endurskoðun á nöfnum og fleira	Sig. Róbertsd.
3.0	02/09/2024	Endurskoðun á nöfnum og uppfærsla til samræmis við nýja áætlun Almannafræðinganna.	Sig. Róbertsd.